

# 58. stjórnarfundur Bergrisans bs.

23.05.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 12.30

**Fundinn sátu:** Fjóra Steindóra Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Sandra Sigurðardóttir, Svava Davíðsdóttir, Anný Ingimarsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

## Dagskrá

### 1. Afgreiðsla umsókna um NPA samning

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið óskar eftir umsóknum frá sveitarfélögum um 25% framlag til nýrra samninga um NPA á árinu 2023.

Þjónustuvæði Árnespings leggur fyrir beiðni um NPA þjónustu fyrir einstakling með auðkennið 102681. Óskað er eftir samþykki stjórnar Bergrisans bs. á NPA samningi með gildistímann 01.06.2023-31.12.2023 með fyrirvara um framlag Jöfnunarsjóðs og samþykkis 25% framlags Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Hefur viðkomandi verið með beingreiðslusamning en sá samningur fellur úr gildi við gildistöku NPA samnings. Óskað er eftir 14 klst. á sólahring í NPA þjónustu/427 klst. á mánuði.

Stjórn samþykkir tillöguna og felur Skóla-og velferðarþjónustu Árnespings að vinna málið.

### 2. Afgreiðsla umsókna um NPA samning

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið óskar eftir umsóknum frá sveitarfélögum um 25% framlag til nýrra samninga um NPA á árinu 2023.

Þjónustuvæði Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu leggur fyrir beiðni um NPA þjónustu fyrir einstakling með auðkennið 105260. Óskað er eftir samþykki stjórnar Bergrisans bs. á NPA samningi með gildistímann 01.06.2023-31.12.2023 með fyrirvara um framlög frá Jöfnunarsjóð og samþykkis 25% framlags Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Óskað er eftir 24 klst. á sólahring í NPA þjónustu/730 klst. á mánuði og að auki 7,5 klst. í aðstoðarverkstjórn á mánuði.

Stjórn samþykkir tillöguna og felur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu að vinna málið áfram.

Fundi slitið klukkan 12.56

